

Vestmannaeyjaferjan
Herjólfur ohf.

Ársreikningur 2018

Vestmannaeyjaferjan
Herjólfur ohf.
Bárustíg 15
900 Vestmannaeyjum

kt. 490505-0590

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er rekstur ferjusiglinga á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar. Félagið var stofnað í júlí 2018 og hefur frá stofnun þess séð um undirbúning rekstrarins. Siglingar á vegum félagsins hófust í lok mars 2019.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap félagsins á tímabilinu 25,6 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 135,6 millj. kr. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam 124,4 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 150,0 millj. kr. sem allt er í eigu Vestmannaeyjabæjar.

Samkvæmt 99. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er óheimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2019 vegna rekstrarársins 2018, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjar, ____ / ____ 2019.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Vestmannaeyjum, ___ / ___ 2019

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	3	11.634.122
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		14.174.048
Annar rekstrarkostnaður		1.321.750
		<u>27.129.920</u>
Rekstartap	(<u>27.129.920)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Fjármunatekjur		1.607.323
Fjármagnsgjöld	(32.443)
		<u>1.574.880</u>
Tap tímabilsins	5	<u>(25.555.040)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018
Rekstrarfjármunir		
Tæknibúnaður	4	3.708.400
Rekstrarfjármunir		<u>3.708.400</u>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur		6.163.941
Aðrar skammtímakröfur		550.626
Handbært fé		125.207.614
Veltufjármunir		<u>131.922.181</u>
Eignir samtals		<u><u>135.630.581</u></u>
Eigið fé		
Hlutafé		150.000.000
Ójafnað eigið fé		(25.555.040)
Eigið fé	5	<u>124.444.960</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir		2.931.338
Fyrirframinnheimtar tekjur		2.240.616
Aðrar skammtímaskuldir		6.013.667
Skammtímaskuldir		<u>11.185.621</u>
Skuldir samtals		<u>11.185.621</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>135.630.581</u></u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr.	2018
Rekstrarhreyfingar		
Tap tímabilsins	4	(25.555.040)
Veltufé til rekstrar		(25.555.040)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, breyting		(4.473.951)
Skammtímaskuldir, breyting		8.945.005
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		4.471.054
Handbært fé til rekstrar		(21.083.986)
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	3	(3.708.400)
Fjárfestingarhreyfingar		(3.708.400)
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað hlutafé	4	150.000.000
Fjármögnunarhreyfingar		150.000.000
Hækkun á handbæru fé		125.207.614
Handbært fé í ársbyrjun		0
Handbært fé í árslok		125.207.614

Skýringar

1. Félagið

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf. ("Félagið") er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Bárustíg 15 í Vestmannaeyjum. Félagið er dótturfélag sveitarfélagsins Vestmannaeyjabæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi sveitarfélagsins. Félagið var stofnað á árinu 2018 og mun sjá um rekstur ferjusiglinga til og frá Vestmannaeyjum. Hér er birtur fyrsti ársreikningur félagsins.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og byggir hann á kostnaðarverðsreikningsskilum.

b. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Afskriftir reiknast af fastafjármunum þegar þeir hafa verið teknir í notkun.

c. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

d. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af seldum ónotuðum farmiðum vegna ferða sem ekki hafa verið farnar.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2018
Laun	24.382.728
Lífeyrissjóðsframlög	3.115.326
Önnur launatengd gjöld	2.178.037
Samtals laun og launatengd gjöld	29.676.091
Hlutdeild Vegagerðarinnar í launum og launatengdum gjöldum	(18.041.969)
Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi samtals	11.634.122

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tæknibúnaður
Fjárfesting á árinu.....	3.708.400
Bókfært verð 31.12.2018.....	3.708.400

5. Eigið fé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 150 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Innborgað hlutafé	150.000.000	0	150.000.000
Tap tímabilsins		(25.555.040)	(25.555.040)
Eigið fé 31.12.2018	150.000.000	(25.555.040)	124.444.960

6. Önnur mál

Á árinu undirritaði Vestmannaeyjabær þjónustusamning við Vegagerðina f.h. íslenska ríkisins um ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar og í kjölfarið stofnaði sveitarfélagið Vestmannaeyjaferjuna Herjólf ohf. um verkefnið. Í marsmánuði 2019 var undirritaður viðauki við samninginn samhliða því að félagið tók við ferjusiglingum. Er í viðaukanum tekið á álitamálum er tengjast breyttum forsendum frá upphaflegum samningi meðal annars vegna tafa á afhendingu á nýjum Herjólfli með það að markmiði að Vegagerðin muni bæta þann kostnaðarauka sem stafar af töfum á afhendingu nýrrar ferju. Í viðauka er gildistími samnings framlengdur til lok október 2021.

Sundurliðanir

2018

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Bókhaldsþjónusta og annar sérfræðikostnaður	334.212
Aðkeypt þjónusta vegna rekstraáætlana	1.627.993
Aðkeypt þjónusta vegna stjórnunar	3.335.360
Lögfræðikostnaður	2.538.784
Kostnaður vegna ráðningar starfsmanna	4.571.848
Annar starfsmannakostnaður	443.941
Kostnaður við stofnun félags	262.800
Ferðakostnaður	605.959
Dagpeningar	466.700
Annar kostnaður	6.917
	<hr/>
	14.194.514

Annar rekstrarkostnaður

Aðkeypt þjónusta vegna tæknivinnu	1.244.379
Vinnufatnaður	56.905
	<hr/>
	1.301.284